



Siðareglur kjörinna fulltrúa Vestmannaeyjabæjar

1. gr. Markmið

Markmið þessara reglna er að skilgreina það háttarni og viðmót sem ætlast er til að kjörnir fulltrúar sýni af sér við störf sín fyrir hönd Vestmannaeyjabæjar.

Með kjörnum fulltrúum er átt við bæjarfulltrúa sem og alla aðra sem kjörnir eru til setu í nefndum og ráðum hjá Vestmannaeyjabæ.

2. gr. Starfsskyldur

Í störfum sínum skulu kjörnir fulltrúar koma fram af háttvísi og heiðarleika.

Kjörnir fulltrúar skulu í störfum sínum fylgja lögum, reglum og samþykktum

Vestmannaeyjabæjar sem og sannfæringu sinni. Þeim ber að gæta almannahagsmuna

og hagsmuna sveitarfélagsins. Kjörnir fulltrúar skulu ávallt hafa í heiðri grundvallarreglur

góðrar stjórnsýslu í störfum sínum, þ.m.t. gagnsæja og upplýsta ákvarðanatöku og

framkvæma ekkert það sem er til þess fallið að vekja grunsemdir um að annað en

lögmæt og málefnaleg sjónarmið ráði för við stjórn Vestmannaeyjabæjar. Kjörnum

fulltrúum ber að virða fjárhagsáætlun og grundvallarreglur um fjármálastjórn sem tryggja

réttmæta og ábyrga meðferð á almannafé sveitarfélagsins. Kjörnum fulltrúum ber að

starfa af kostgæfni, fyrir opnum tjöldum og vera reiðubúnir að rökstyðja ákvarðanir sínar

og tilgreina þá þætti sem ákvarðanir þeirra eru byggðar á. Þeir skulu bera ábyrgð

gagnvart íbúum í heild sinni og svara fyrirspurnum almennings um framkvæmd þeirra

starfa sem þeir bera ábyrgð á sem kjörnir fulltrúar.

3. gr. Framferði kjörinna fulltrúa

Kjörnir fulltrúar skulu gæta þess að framkoma þeirra og athafnir samræmist starfi þeirra og þeir forðist að aðhafast nokkuð sem gæti orðið þeim eða Vestmannaeyjabæ til vanvirðu og álitshnekkis. Í störfum sínum skulu kjörnir fulltrúar koma fram af heiðarleika og kurteisi og sýna hver öðrum, íbúum, viðskiptavinum og starfsfólki sveitarfélagsins fulla virðingu í ræðu, riti og framkomu. Kjörnir fulltrúar skulu leggja sig fram um að skapa í störfum sínum heilbriggt vinnuumhverfi.

4. gr. Hagsmunaárekstrar

Kjörnum fulltrúum er óheimilt að nýta sér stöðu sína í þágu einkahagsmuna sinna eða annarra sem eru þeim tengdir, hvort sem ávinningur af slíku kemur fram strax eða síðar, þ.m.t. eftir að störfum fyrir Vestmannaeyjabæ lýkur. Kjörnir fulltrúar skulu forðast hagsmunaárekstra í störfum sínum. Um hæfi þeirra við meðferð einstakra mála fer eftir 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011

5. gr. Gjafir og fríðindi

Kjörnum fulltrúum er óheimilt að þiggja gjafir, fríðindi eða önnur hlunnindi frá viðskiptamönnum eða þeim er leita eftir þjónustu eða fyrirgreiðslu Vestmannaeyjabæjar ef líta má á það sem endurgreiðslu fyrir greiða eða sérstaka þjónustu. Í störfum sínum skal kjörinn fulltrúi forðast alla hegðun sem gæti talist fela í sér að veita eða þiggja óeðlilega fyrirgreiðslu.

6. gr. Trúnaður

Kjörnir fulltrúar skulu gæta þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einkahagsmuna eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Trúnaðurinn helst áfram eftir að kjörnir fulltrúar láta af störfum. Kjörnir fulltrúar skulu virða trúnað um ummæli einstakra fundarmanna á lokuðum fundum í nefndum og

ráðum Vestmannaeyjabæjar, sem og um innihald skjala eða annarra gagna sem þeir fá aðgang að vegna starfa sinna og trúnaður skal vera um, enda byggji hann á lögmætum og málefnalegum rökum.

7.gr. Valdmörk

Kjörnir fulltrúar skulu gæta þess að fara ekki út fyrir umboð sitt í störfum sínum og virða verkaskiptingu í stjórnkerfi Vestmannaeyjabæjar. Þeir skulu sýna störfum og réttindum annarra kjörinna fulltrúa og starfsmönnum Vestmannaeyjabæjar virðingu. Kjörnir fulltrúar hafa ekki boðvald yfir einstaka starfsmönnum sveitarfélagsins þeir mega ekki hlutast til um að starfsmenn geri neitt það sem hefur þann tilgang að verða kjörnum fulltrúa á beinan eða óbeinan hátt til hagsmunalegs ávinnings, né heldur aðila nátengdum honum eða ákveðnum hópum eða fyrirtækjum.

8. gr. Stöðuveitingar

Kjörnum fulltrúum ber að koma í veg fyrir að einstaklingum sé veitt starf eða stöðuhækkun hjá sveitarfélaginu á öðrum forsendum en hæfni til að rækja starfið og gæta þess þegar þeir koma sjálfir að ákvörðun um val á starfsmönnum, að hæfasti umsækjandinn hljóti starfið. Kjörinn fulltrúi skal í starfi sínu ekki gera neitt sem veitir honum sjálfum starfslegan ávinning í framtíðinni eftir að hann hefur látið af störfum sem kjörinn fulltrúi.

9. gr. Kosningar

Kosningabarátta skal vera háð með því markmiði að veita upplýsingar og skýringar á pólitískum stefnumálum sem frambjóðandi hyggst vinna að. Frambjóðandi skal ekki reyna að tryggja sér atkvæði með öðrum hætti en rökföstum sannfæringarkrafti og umræðum. Frambjóðandi skal halda útgjöldum sínum til kosningarbárattu innan hóflegra

og skynsamlegra marka. Frambjóðanda ber að fylgja af kostgæfni öllum ákvæðum í lögum og gildandi reglum sem krefjast þess að uppruni fjárhæða framlaga til kosningarbaráttu ásamt eðli og fjárhæðum útgjalda séu gerð opinber.

10. gr. Miðlun siðareglna

Kjörnir fulltrúar undirgangast þessar siðareglur með undirskrift sinni og lýsa því þar með yfir að þeir ætli að hafa þær að leiðarljósi. Siðareglurnar skulu vera aðgengilegar starfsfólki, almenningi og fjölmiðlum á heimasíðu sveitarfélagsins og á annan hátt sem bæjarstjórn ákveður til að þessir aðilar geti gert sér grein fyrir meginreglum þeirra. Siðareglur þessar skulu endurskoðaðar í upphafi hvers kjörtímabils skv. 29. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar Vestmannaeyja þann 1. júlí 2026

Staðfest af innanríkisráðuneytinu 10. júlí 2026